Fjallsmiðurinn Gestur Grímsson

Bókmenntir

Kristján Kristjánsson

Trausti Steinsson: Fjall rís. Virkjunarsaga. Kápumynd gerði höfundur. 185 bls. G. Ben prentaði. Guðsteinn, 1992.

Þessi lesandi rak fyrst augun í undirtitilinn „virkjunarsaga" á kápu bókarinnar og datt strax í hug að hér væri einhvers konar sagnfræðirit á ferð, hugsanlega kafli úr virkjunarsögu Íslands og þá væntanlega gefin út að frumkvæði Landsvirkjunar — en þegar betur er að gáð kemur í ljós að hér er lítt þekkt forlag, Guðsteinn, að gefa út fyrstu skáldsögu Trausta Steinssonar. Í fyrra sendi Trausti frá sér reisubók, *Á slitnum skóm*, frásögn af lestarferð um Evrópu til Tyrklands.

Atburðarás sögunnar er ekki flókin. Hér segir af einu sumri í lífi Gests Grímssonar, seint á áttunda áratugnum. Þegar sagan hefst er hann nýhættur til sjós og heldur til fjalla þar sem hann hefur ráðið sig í vinnu við þriðju virkjun árinnar Þúsund. Aðalstarf Gests um sumarið er að stjórna losun vörubíla í stíflugarð þann sem á að mynda uppistöðulón virkjunarinnar. Hann er lægstsetti maðurinn í véladeild, uppnefndur Gestur gangandi af vinnufélögum sínum og kallaður „stígvélstjóri". Stíflugarðinn kallar hann Hlaðfjall og þar stendur Gestur í misjöfnum veðrum, allt upp í 16 tíma í einu.

Á hálfsmánaðarfresti fá virkjunarmennirnir helgarfrí og þá fer Gestur til Reykjavíkur þar sem hann á litla íbúð en heldur annars mikið til hjá eldri konu sem hann kallar „Gömlu Syndina". Ekki er ljóst hvernig þau tengjast, en í upphafskafla sögunnar koma fyrir atriði sem benda til þess að hún gæti verið amma hans (bls. 6). Framan af sumri skvettir Gestur ótæpilega í sig af brennivíni í helgarfríum, stundar ruddalegt kvennafar á börum og skemmtistöðum og spilar vist í þynnkunni við Gömlu Syndina, Þorgrím frænda sinn og Þuru gömlu áður en hann heldur til fjalla að nýju.

Um mitt sumar hættir Gestur brennivínsþambi og barferðum en líf hans verður ekki innihaldsríkara fyrir vikið, hann drepur tímann með bíóferðum og upplifir stöðugt sama tómleikann. Um haustið þegar fjallið er risið, dettur Gestur hressilega í það og sagan leysist upp í martraðarkenndar ofsýnir.

Fjall rís er um margt forvitnileg saga þó að ýmsu megi finna. Efnið er full rýrt miðað við lengd sögunnar og fyrir vikið verður framvindan oft hæg. Lýsingarnar leita í sama farveg, verða staglsamar og einhæfar. Sagan snýst vissulega um virkjunarframkvæmdir og þá sérstaklega kringumstæður og hlutskipti þeirra sem að slíkum framkvæmdum vinna — og það kannski einum um of því aðalpersónan sem á að bera uppi söguna fellur að nokkru leyti í skuggann fyrir fjallinu sem rís í sögunni. Aðrar persónur, fyrir utan Gömlu Syndina, eru andlitslausar og óskýrar, einfaldar týpur þegar best lætur.

Um fortíð Gests er flest á huldu. Gestur leiðir aldrei hugann að henni, það er eins og hún skipti ekki máli; hann lifir og hrærist í nútíð sögunnar. Við fáum þó örfáar vísbendingar undir lokin en á þeim er fátt að byggja. Gestur er upprunninn úr sveit, frá bænum Gríshóli fyrir austan fjall sem er farinn í eyði. Faðir hans virðist hafa látist með sviplegum hætti; á móður eða systkini er hvergi minnst.

Sagan er í tólf köflum sem hver um sig er skýrt afmarkaður af umhverfinu. Skiptast á kaflar sem gerast á virkjunarsvæðinu við Þúsundá og kaflar um helgarfríin í Reykjavík. Sjónvarhornið einskorðast við Gest (með einni óþægilegri undantekningu, bls. 163–4), söguhöfundurinn fylgir honum fast eftir, segir frá því sem drífur á daga hans, hlustar á hugsanir hans, útskýrir stundum hvers vegna Gestur bregst við eins og hann gerir, og leggur þá gjarnan dóm á athafnir hans og gerðir.



Trausti Steinsson

Dálítill munur er á þessum köflum, sérstaklega í afstöðu söguhöfundarins til Gests. Meðan Gestur er til fjalla er honum lýst tiltölulega hlutlægt og jafnvel með ákveðinni samúð. Hann sker sig úr hópi vinnufélagana og blandar lítt geði við þá. Sinnir vinnunni af trúmennsku þó að hún sé tilbreytingarlaus og sálardrepandi þrældómur. Þetta er dæmigerður vinnustaður karla, með tilheyrandi rembu, kvenfyrirlitningu og klámi; lýsingarnar á samskiptum verkamannanna eru ágætar í fyrstu en eru síðan endurteknar með litlum tilbrigðum svo til lýta verður að teljast. Afstaða söguhöfundar breytist síðan áberandi þegar Gestur er komin til borgarinnar í helgarfrí. Þá er Gestur óspart gagnrýndur, og þá fyrst og fremst fyrir hugmyndir hans og framkomu við konur:

„Konan er sæðisílát í augum Gests og annað ekki. Jafnskjótt og sál konunnar vaknar og bærir á sér og fer að gera kröfur, til hans, Gest, um skilning, samúð, nærgætni, grætur jafnvel, þá fer hann hann hjá sér og snýr sér undan og lokar skynfærum sínum og skilningarvitum og skellir í lás." (bls. 102–3).

Gestur er engum tengdur, einrænn, lokaður og tilfinningalega bæklaður. Þegar líður að lokum sögunnar opnast augu hans fyrir því hvernig hann er en sá skilningur leiðir, þótt undarlega megi virðast, ekki til neins. Fram að þessari uppgötvun Gests er sköpun persónu hans nokkuð sannfærandi en síðan er eins og framhaldið vanti. Gestur endar nánast á sama punkti og hann byrjaði og er hvorki betri né verri en áður.

Trausti Steinsson á sér sína spretti og lýsingar hans verða oft lifandi og skemmtilegar. Háðið er sjaldan langt undan og hann getur verið ágætlega fyndinn; eftirminnilegust er lýsing hans á Landmannalaugum (bls. 156–7).

Stíllinn er orðmargur en verður full uppskrúfaður á köflum. Orðaröð og orðaval er stundum sérviskulegt og þykist ég sjá að þar hafi Trausti að einhverju leyti sótt sér áhrif í Hómersþýðingar Sveinbjarnar Egilssonar þótt ekki verði sagt að þau áhrif risti djúpt. Í orðaflóðinu flýtur með eitt og annað sem á kannski að vera „sniðugt" en er ekkert annað en ambögur og klúður. Málkennd-in er heldur vafasöm svo ekki sé meira sagt þegar menn „sigla ótroðnar slóðir" (bls. 45), „nudda blóðið fram í kjúkurnar" (bls. 77), „fótumtroða fjall" (bls. 81) eða „brosa upp á gátt" (bls. 123) svo nokkur dæmi af mörgum séu nefnd.

Tvær sýningar á Kjarvalsstöðum

Á Kjarvalsstöðum verða opnaðar tvær sýningar laugardaginn 21. nóvember nk.

Í austursal verður opnuð sýning á verkum franska myndlistarmannsins Jean-Jaques Lebels. Lebel, sem er skólabróðir Errós og einn nánasti vinur hans, er bæði frumlegur og djarfur listamaður. Hann var einn af upphafsmönnum gerninga og uppákoma í Evrópu á sjöunda áratugnum og starfaði mikið með Fluxus-hreyfingunni. Jean-Jaques Lebel hefur alltaf verið róttækur í skoðunum og um 1968 snéri hann sér svo til eingöngu að stjórnmálum og var í fararbroddi myndlistarmanna sem studdu 68-hreyfinguna í Frakklandi. Á síðustu árum hefur hann aftur snúið sér að myndlistinni.

Verkin á þessari sýningu eru frá árunum 1958–1963 frá árunum 1982–1990. Jean-Jaques Lebel kom til Íslands til þess að vera við uppsetningu og opnun sýningarinnar.

Hin sýningin sem opnar þann 21. nóvember er fransk-íslenska myndasögusýningin: Guðdómleg innri spenna og pína. Sú sýning er unnin í samvinnu Kjarvalsstaða, Franska sendiráðsins, Menningardeildar franska utanríkisráðuneytisins og íslenska myndasögublaðsins Gisp!

Frá Frakklandi koma verk eftir 16 myndasögulistamenn og eru margir þeirra heimþekktir, s.s. Enki Bilal og Moebius. Einn frönsku listamannanna verður sérstaklega kynntur en það er Jaques Loustal en hann á um 20 verk á sýningunni. Loustal verður viðstaddur opnun sýningarinnar.

Það er óvenjulegt hérlendis að myndasögur séu sýndar í virtum og virðulegu safni en myndasögur hafa þótt ófínt myndlistarefni, ólíkt því sem er erlendis t.d. í Frakklandi og Bandaríkjunum þar sem myndasögugerð er virt og mikilsmetin listgrein.

Sýningarnar verða opnaðar kl. 16 laugardaginn 21. nóvember, eins og áður segir, og standa til 13. desember nk. Þær eru opnar daglega frá 10 til 18. Kaffistofa safnsins er opin á samta tíma.

(Fréttatilkynning)



Morgunblaðið/Kristinn

Aðstandendur Pé-leikhópsins samankomnir á samlestri á „Húsverðinum" eftir Harold Pinter.

Pé-leikhópurinn æfir Húsvörðinn eftir Pinter

Pé-leikhópurinn er nú að fara af stað með æfingar á „Húsverðinum" eftir Harold Pinter, í þýðingu Elísabetar Snorradóttur, og var fyrsti samlestur síðasta fimmtudag. Leikendur eru þeir Róbert Arnfinnsson, Arnar Jónsson og Hjalti Rögnvaldsson, allir landsþekktir leikarar sem munu nú leiða saman hesta sína eftir nokkurt hlé. Sigurjón Jóhannsson hannar leikmynd og búninga, en Jóhann Pálmarson lýsingu. Leikstjóri er Andrés Sigurvinsson.

„Húsvörðurinn" er þriðja verk Pé-leikhópsins og var fyrsta verk hópsins einnig eftir Pinter; „Heimkoman" sem líka var sýnt í Íslensku óperunni, árið 1988. Róbert Arnfinnson hlaut menningarverðlaun Dagblaðsins Vísis fyrir túlkun sína á Max í þeirri sýningu. Leikritið „Húsvörðurinn" fjallar um tvo bræður, samband þeirra og lífshætti sem einkennast af hvikulu jafnvægi og jafnvel kúgun. Inn í þessa veröld ratar flækingurinn Davies, og á koma þessa gests eftir að hafa ýmislegt í för með sér. „Húsvörðurinn" er eitt þekktasta verk breska leikskáldsins Harolds Pinters, skrifað árið 1960 og leikið tveimur árum síðar í Þjóðleikhúsinu, þar sem Valur Gíslason fór með hlutverk flækingsins, en Bessi Bjarnason og Gunnar Eyjólfsson léku bræðurna.

Stjórn Pé-leikhópsins skipa Andrés Sigurvinsson, leikstjóri, Elísabet Snorradóttir bókmenntafræðingur og Magnús Loftsson myndlistarmaður. Sýningar Pé-leikhópsins verða í Íslensku óperunni, og er frumsýning áætluð í janúarbyrjun.

21150-21370 LÁRUS Þ. VALDIMARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI
KRISTINN SIGURJÓNSSON, HRL. LOGGILTUR FASTEIGNASALI

Til sýnis og sölu meðal annarra eigna:

Með frábærum greiðslukjörum

Skammt vestan Skátabúðarinnar:
4ra herb. neðri hæð, 92,5 fm nettó auk geymslu og sameignar. **Öll nýlega** endurbyggð. Parket. Svalir. Góð sameign. Nýlega endurbætt. Langtímalán kr. 3,1 millj. Laus fljótlega. Tilboð óskast.

• • •

Í miðbæ og nágrenni óskast eignir sem þarfnast lagf. Opið á laugardag.

ALMENNA FASTEIGNASALAN
LAUGAVEGI 18 SÍMAR 21150-21370

Nýjar bækur

■ ***Lífsgleði. Viðtöl og frásagnir um líf og reynslu á efri árum*** er bók eftir **Þóri S. Guðbergsson.**

Þórir S. Guðbergsson

Í kynningu útgefanda segir að í þessar bók segja viðmælendur á jákvæðan hátt frá ánægjulegri og óvæntri reynslu. Í bókinni eru einnig mikilvægar upplýsingar og leiðbeiningar fyrir fólk sem komið er á eftirlaunaaldurinn. Þórir S. Guðbergsson félagsráðgjafi, skráði viðtölin og bjó til prentunar. Rætt er við Elínu Þóru Guðlaugsdóttur, Gísla Gíslason, Guðrúnu Nielsen, Hrefnu Tynes, Ingibjörgu Gísladóttur, Jón M. Jónsson og Þorstein Einarsson.

Útgefandi er Hörpuútgáfan. Bókin er 142 bls. Prentsmiðjan Oddi hf. annaðist prentun og bókband. Verð 2.480 krónur.

■ ***Lampi gömlu konunnar*** heitir ný ljóðabók eftir **Þórhall Guðmundsson.**

Þórhallur Guðmundsson

Bókin inniheldur 38 ljóð sem skiptast í þrjá kafla; Sól/myrkur, Andvökubókin og Handa við vökuheim. Lampi gömlu konunnar er önnur bók höfundar. Haustið 1991 kom út ljóðabókin Myrkskilin orð.

Höfundur gefur sjálfur út. Guðmundur Þórhallsson gerði mynd á kápu og bjó til prentunar. Prentun annaðist prentsmiðjan Rún. Bókin er 60 bls. Verð 1.590 krónur.

■ ***Tíminn og tárið, Íslendingar og áfengi í 1100 ár*** eftir **Óttar Guðmundsson lækni.** Hann hefur um árabil ritað greinar um læknisfræðileg efni í blöð en þetta er önnur bókin sem hann sendir frá sér því fyrir tveimur árum kom út Íslenska kynlífsbókin frá hans hendi.

Óttar Guðmundsson

Í kynningu útgefanda segir m.a.: „Í bókinni varpar höfundur nýju ljósi á leynda staði í sögu Íslendinga og dregur fram í dagsljósið sérstæðar heimildir sem hingað til hefur verið hljótt um. Hér eru rakin örlög Jónasar Hallgrímssonar, Kristjáns Fjallaskálds og Sigurðar Breiðfjörð, að ógleymdum frásögnum af vofveiflegum endalokum íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn þegar draumar slokknuðu í síkjum. Einnig er í bókinni gerð skýr grein fyrri þróun alkóhólisma, allt frá því að ungt fólk byrjar að drekka í því skyni að veita tilfinningum útrás, og þar til morgunskjálfti, afréttarar og túradrykkja verða daglegt brauð. Hér er að finna greinagóða lýsingu á varnarháttum alkóhólista, átökum í fjölskyldulífi og þeirri von sem felst í áfengismeðferð."

Útgefandi er Forlagið. Bókin er 320 bls. Grafit hf. hannaði kápu. Prentsmiðjan Oddi hf. prentaði. Verð 3.480 krónur.